


✉ Re: 2104420 - Ósk um umsögn, frá Garðabæ

Búið til	8.11.2021 15:53:35
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	8.11.2021 15:53:35
Tilheyrir	 202110-0030 - Umsögn vegna deiliskipulags Vífillstaðahrauns, Maríuhella og Vatnsmýrar

Efni

Re: 2104420 - Ósk um umsögn, frá Garðabæ

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	8.11.2021 15:53:35	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurðsson@ni.is)
Til	annamg@gardabaer.is, skipulag@gardabaer.is

Innihald

Góðan daginn, eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar:

Tilvísun í mál nr. 202110-0030 (SS, IAS).

Vísað er til tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Garðabæjar, dags. 18. október, 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu vegna vinnu við deiliskipulag Vífillstaðahrauns, Maríuhella og Vatnsmýri.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við innihald skipulagslýsingar. Um deiliskipulag á friðlýstu svæði er að ræða og helstu áherslur varða verndun náttúruminja. Náttúrufræðistofnun vann mat á verndargildi svæðisins fyrir Umhverfisstofnun fyrr á þessu ári, í tengslum við stækkun friðlýsta svæðisins. Þar er fjallað um helstu náttúruminjar svæðisins sem mikilvægt er að tryggja verndun á til framtíðar. Þetta mat á verndargildi er hægt að nálgast hjá Náttúrufræðistofnun ef þess er óskað (og ef það er ekki nú þegar hjá skipulagsfulltrúa).

Þau áform sem fjalla skal um í deiliskipulaginu snúa einkum að verndun náttúruminja en þó á einnig að fjalla um innviðauppyggingu sem hæfir friðlýsta svæðinu m.a. stíga og aðstöðu til fuglaskoðunar. Náttúrufræðistofnun vill benda á að mest hættu er á að áætlaður göngu- og hjólastígur austan við

Reykjanesbraut geti haft áhrif á jarðminjar á svæðinu. Þar þarf því að vanda til verka þannig að hraun raskist sem allra minnst.

Þá þarf að huga vel að hönnun fuglaskoðunarstaðar í Vatnsmýri. Um lítið svæði er að ræða og fella þarf aðstöðuna vel inn í umhverfið.

Fjalla þarf um í deiliskipulaginu mikilvægi þess að halda framandi ágengum plöntutegundum í skefjum, en nokkuð er um t.d. alaskalúpínu í jaðri svæðisins.

Þá mætti skoða hvernig tryggt verði að uppbygging í Urriðaholti sunnan við svæðið valdi ekki óásættanlegu álagi á náttúruverndarsvæðið en ljóst er að sú byggð sem þar mun rísa verður staðsett alveg upp við friðlýsta svæðið (og lítið sem ekkert jaðarsvæði á milli) þar sem m.a. eru mjög viðkvæmar hraunmyndanir og gróður.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á seinni stigum deiliskipulagsvinnunnar.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Anna María Guðmundsdóttir" <annamg@gardabaer.is>

To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

CC:

Subject: 2104420 - Ósk um umsögn, frá Garðabæ

Date: 18.10.2021 14:52:54

Góðan daginn

Meðfylgjandi er ósk um umsögn vegna deiliskipulags Vífillstaðahrauns, Maríuhella og Vatnsmýrar. Skipulagslýsing.

Með kveðju

Anna María Guðmundsdóttir

Verkefnastjóri tæknideildar Garðabæjar

525-8505

annamg@gardabaer.is (<mailto:annamg@gardabaer.is>)



Ráðhúsið við Garðatorg 210 Garðabær sími 525 8500 www.gardabaer.is

Efni þessa tölvupósts og viðhengi hans kann að vera trúnaðarmál og er eingöngu ætlað þeim sem hann er stílaður á. Viðtakanda ber að tilkynna sendanda hafi tölvupósturinn ranglega borist honum. Vinsamlega eyðið póstinum í slíkum tilvikum. Tölvupóstur sem tengist ekki starfsemi Garðabæjar er á ábyrgð sendanda.

This e-mail and its attachments may contain confidential and privileged information only intended for the person or entity to which it is addressed.

Viðhengi

image001.png (5 KB)